

## 1097. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 28. ágúst 2013, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð**

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Rannveig Sigurðardóttir og Jóhanna Rúnarsdóttir.

Einnig sátu fundinn Árni Leósson sviðsstjóri þróunarsviðs VR, Elías Magnússon sviðsstjóri kjarasviðs VR, Steinnunn Böðvarsdóttir fagstjóri rannsókna hjá VR og Teitur Lárusson kjaramálaráðgjafi VR.

Gestur fundarins var Emil B. Karlsson frá Rannsóknarsetri verslunarinnar á Bifröst.

Ólafía Björk Rafnsdóttir setti fundinn kl. 18:40

Dagskrá:

### 1. Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst (RSV).

Emil B. Karlsson frá Rannsóknarsetri verslunarinnar á Bifröst kynnti stofnunina og fram kom að tilgangur hennar er m.a. að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfræðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu og fræðslu sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og þjónustugreinum, styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja í þessum greinum og auka hæfni starfsmanna. Velta er ca. kr. 30.000.000 á ári.

Emil skýrði frá því að nú sé vilji til þess að RSV verði gerð að sjálfseignastofnun um næstu áramót og búið er að stilla upp drögum að samþykktum sjálfseignastofnunarinnar þar sem stofnendur væru:

- A. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- B. Háskólinn á Bifröst
- C. VR
- D. SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu
- E. Kaupmannasamtök Íslands
- F. Bílgreinasambandið

Ekki er gert ráð fyrir árlegum framlögum stofnaðila en í þess stað geri samstarfsaðilarnir (hagsmunasamtökin og Háskólinn á Bifröst) sem koma að rekstri setursins með sér samning til allt að 5 ára um árleg framlög að upphæð kr. 2.5 milljónir á ári.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti stjórnin samhljóða að VR yrði stofnaðili að sjálfseignastofnuninni og geri 5 ára samning uppá kr. 2.5 milljónir á ári.

**2. Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS).**

Teitur Lárusson starfsmaður VR kynnti drög að breyttum starfsreglum SVS. Fram kom að sjóðurinn er stofnaður á grundvelli kjarasamnings árið 2000 af SA, VR og LÍV. Markmiðið er m.a. að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks. Helsta breyting frá eldri reglum er að farið er úr réttindum reiknuðum í stigum yfir í krónur. Drögin voru samþykkt samhljóða.

**3. Kjaramál.**

Steinunn Böðvarsdóttir fagstjóri rannsókna hjá VR var með kynningu á niðurstöðum könnunar um áherslur í kjarasamningum 2013. Könnun meðal félagsmanna fer af stað í næstu viku, 6. september og henni lýkur að kvöldi sunnudagsins 15. september. Elías Magnússon sviðsstjóri kjarasviðs VR var með kynningu á kröfugerð og áherslum í komandi kjarasamningum. Lykilspurningarnar eru þessar: Verkalýðshreyfingin – á hún að fara saman eða sundur? Stuttur eða langur kjarasamningur? Eru einhverjar mjög háværar kröfur sem snúa bara að okkur verslunarmönnum eða eru kröfurnar sameiginlegar? Hvað er skynsamlegast að gera? Umræður um kjaramálin voru miklar og málefnalegar m.a. um verðtryggingu, skiptingu kökunnar, þjóðarsátt, lífeyrismál, norræna módelið, veikindarétt, að ekki mætti skilja þá verst settu eftir o.fl. Formaður VR upplýsti að á miðstjórnarfundi ASÍ hefði 6 mánaða samningur verið nefndur og var vel tekið í þá hugmynd í stjórn VR. Kynning á launakönnuninni verður 10. september n.k. og trúnaðarráðsfundur verður 17. september.

Fundi slitið kl. 20:55

Sigurður Sigfússon, fundarritari.